

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi miðbæjar, fyrir lóð nr. 39 við Strandgötu.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar, á fundi sínum þann 31. október 2006, breytingu á deiliskipulagi miðbæjar í Hafnarfirði, fyrir lóð nr. 39 við Strandgötu. Breytingin felst meðal annars í að byggingarreitur á 2. og 3. hæð dýpkar úr 8 m í 10 m frá götu. Hámarksbrúttóflötur er 560 m<sup>2</sup> og nhl. 2,85. 1. hæð verði þjónustu- og verslunarrými, 2 íbúðir verða í húsinu. Að öðru leyti gildir greinargerð og skipulagsskilmálar fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, deiliskipulag miðbæjar, 2000. Farið var með deiliskipulagið skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og það yfirfarið af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 30. nóvember 2006,*

**Málfríður Kristjánsdóttir** arkitekt.

---

B-deild – Útgáfud.: 8. desember 2006